



Umhverfissráðuneytið
b.t. Írisar Bjargmundsdóttur
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 21. september 2011

Tilvísun: 201108041 / 2.1

**Efni: Umsögn um undanþágubeiðni. Fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum.
Fristundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ**

Við er til erindis umhverfissráðuneytisins dags. 9. september 2011, þar sem óskað er umsagnar Skipulagsstofnunar vegna beiðni Ísafjarðarbæjar um undanþágu frá gr. 4.11.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sem kveður á um að fjarlægð byggingarreita fristundahúsa frá lóðarmörkum sé a.m.k. 10 m.

Með erindinu fylgdi beiðni Ísafjarðarbæjar dags. 22. ágúst 2011 en greinargerð og lagfærður uppdráttur fylgdu í tölvupósti. Um er að ræða tvö svæði fyrir fristundabyggð í Dagverðardal, annars vegar eldra svæði þar sem 7 af 13 lóðum eru þegar byggðar og hinsvegar nýtt svæði við svonefndar E- og F-götu.

Í erindi sveitarfélagsins til ráðuneytisins er tekið fram að fjarlægðir á milli byggingarreita séu í öllum tilfellum 20 m, en lóðir séu þannig lagaðar að erfitt verði að koma byggingum fyrir án undanþágunnar. Þær lóðir sem sótt er um undanþágu fyrir í nýja hlutanum eru viðbyggingarreitur við hús á lóð Dagverðardals 11 (merkt 12) og lóðir nr. 2, 9, 11 og 12 við E-götu ásamt lóð nr. 6 við F-götu.

Í svæðinu með eldri byggð eru alls 13 lóðir, þar af eru 7 þeirra þegar byggðar. Kemur fram í erindi Ísafjarðarbæjar að verið sé að reyna að halda yfirbragði þeirra byggðar sem fyrir er, en það eru litlar lóðir með smáum húsum. Svæðið takmarkist hinsvegar verulega af Úlfarsá annars vegar og safnbraut hinsvegar. Sækir sveitarfélagið því um undanþágu frá gr. 4.11.2. fyrir allar lóðirnar að undanskilinni lóð við Dagverðardal 6 (merkt 13).

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að framangreind undanþága verði veitt, þar sem umræddum lóðum við E- og F-götu virðist þröngt sniðinn stakkur í landfræðilegu tilliti. Stofnunin getur ennfremur fallist á að umræddar lóðir innan hins eldra svæðis njóti undanþágunnar þar sem meirihluti lóðanna hafa þegar hafa byggst upp og eru flestir byggingarreitanna fyrir viðbyggingar.

Írisar Bjargmundsdóttur

Afrit sent Ísafjarðarbæjar